

Eignastýringarsafn ÍV - I

31. janúar 2012


Fyrir hvern er sjóðurinn?

Eignastýringarsafn ÍV - I er góður kostur fyrir þá sem vilja njóta öryggis ríkistryggðra eigna og innlána en vilja um leið auka ávöxtunarmöguleika sjóðsins með kaupum á öðrum skuldabréfum. Sjóðurinn hentar bæði einstaklingum, fyrirtækjum og fagfjárfestum.


Markmið og fjárfestingarstefna

Áhersla er lögð á fjárfestingu í skuldabréfum, útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins og innlán fjármálafyrirtækja en einnig er fjárfest í skuldabréfum með ábyrgð sveitarfélaga og öðrum skuldabréfum. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í öðrum sjóðum sem Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV rekur að hluta eða öllu leyti.

Verðbreyting (upphafsgildi = 100)



Eignasamsetning



Ávöxtun síðasta mánaðar

Ávöxtun sjóðsins í janúar var 1,0%.

Ríkisskuldabréf sveifluðust nokkuð í mánuðinum, óverðtryggð bréf lækkuðu lítillega en verðtryggð hækkðu.

Ávöxtun mánaðarins er að mestu í verðtryggðum eignum sjóðsins.

Stærstu eignir



Verðbreyting tímabila

	1 mán	3 mán	6 mán
Eignastýringarsafn ÍV - I *	1,0%	3,5%	7,5%

* Eignastýringarsafn ÍV - I var stofnsett 19. maí 2011 og því ekki til upplýsingar um verðbreytingu nema frá þeim tíma.

Grunnupplýsingar

Stærð (m.kr.)	1.247
Sjóðstjóri	Björn Gíslason
Stofnár	2011
Umsýsluþóknun á ári	0,5%
Rekstraraðili	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf
Vörsluaðili	Íslensk verðbréf hf
Bloomberg auðkenni	

Viðskipti

Lágmarkskaup	3.000
Þóknun við kaup	1,0%
Þóknun við sölu	0%
Afgreiðslutími	10:00 til 14:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Áskriftarmöguleiki	Já
Gengi sjóðsins 31.01.2011	10,7628

Hvernig fjárfesti ég í Eignastýringarsafni ÍV - I?

Hægt er að fjárfesta í Eignastýringarsafni ÍV - I með því að hafa samband við ráðgjafa Íslenskra verðbréfa í síma 460 4700. Einnig má fjárfesta í sjóðnum á heimasíðu Íslenskra verðbréfa www.iv.is. Gerast má áskrifandi að sjóðnum með því að hafa samband við Íslensk verðbréf, þá er annaðhvort skuldfært af kreditkortu eða millifært af bankareikningi mánaðarlega umsamin upphæð og því bætt við eign viðskiptavinar í Eignastýringarsafni ÍV - I.

Skattlagning

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Skattskyldur hagnaðar ákvarðast samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 og myndar eignarhlutdeild í sjóðnum stofn til greiðslu eignarskatts. Vörslufyrirtæki sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að s tанда skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild. Söluhagnaður ber 20% fjármagnstekjuskatt.

Fyrirvari

Eignastýringarsafn ÍV - I er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingur og nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Íslenskra verðbréfa, www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingur sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.